



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. október 2018

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (barnalífeyrir) – Þingskjal 12 – 12. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 27. september 2018 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að við lög um almannatryggingar nr. 100/2007 verði bætt við nýju ákvæði á eftir 20. gr., þ.e. 20. gr. a með fyrirsögninni „Barnalífeyrir vegna sérstakra útgjalda“. Þar verði kveðið á um að Tryggingastofnun geti ákveðið sérstakt framlag vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni. Framlagið verði einungis heimilt að greiða vegna barna sem greiddur er barnalífeyrir með skv. 1. mgr. 20. gr. og framlagið verði aðeins ákveðið ef sýslumaður hefur úrskurðað um slíkt framlag.

Í greinargerðinni með þessu frumvarpi er vísað til þess að samkvæmt 60. gr. barnalaga nr. 76/2003 megi úrskurða meðlagsskyldan aðila til greiðslu framlaga vegna skírnar, fermingar, gleraugnakaupa, tannréttinga, sjúkdóms eða greftrunar. Sambærilega heimild sé ekki að finna til handa barnalífeyrispegum þar sem staðan er þó sú sama á þann veg að einn framfærandi ber hitann og þungann af kostnaði sem upp kemur. Flutningsmenn telja að með þessu sé börnum einstæðra foreldra mismunað, þ.e. eftir því hvort báðir foreldrar eða annar er á lífi.

Tryggingastofnun gerir ekki athugasemdir við að stofnuninni sé veitt heimild til að greiða þetta sérstaka framlag eins og lagt er til hér. Fyrirhugað orðalag lagaákvæðisins er á hinn bóginn ekki í samræmi við greinargerðina með frumvarpinu. Í lagaákvæðinu er gert ráð fyrir að heimilt sé að greiða vegna barna sem greiddur er barnalífeyrir með skv. 1. mgr. 20. gr. almannatryggingalaga en í því ákvæði segir að heimilt sé að greiða barnalífeyri með barni yngri en 18 ára ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Með tilvísun í 1. mgr. 20. gr. er því einnig veitt heimild til að greiða sérstaka framlagið með börnum örorkulífeyrisþega, óháð því hvort að hitt foreldrið sé til staðar eða ekki, sem ekki samrýmist tilgangi ákvæðisins eins og kemur fram í greinargerðinni. Með þessu orðalagi væri þannig verið að opna á að það næði til fleiri barna en markmiðið er. Þá nær ákvæðið ekki til þeirra barna sem eru ófeðruð, því að heimildin til að greiða barnalífeyri með ófeðruðum börnum er í 4. mgr. 20. gr. almannatryggingalaga en ekki í 1. mgr. 20. gr.

Koma þyrfti fram að einungis sé heimilt að greiða þetta sérstaka framlag vegna barna sem greiddur er barnalífeyrir vegna á þeim grundvelli að annað eða bæði foreldri séu látin eða barn sé ófeðrað. Ljóst þarf að vera að ákvæðið eigi ekki við sé meðlagsskylt foreldri til staðar sem hægt væri að beina kröfu sinni að eins og heimilt er að gera skv. 60. gr. barnalaga.

Þá er lagt til að beiðni um þetta sérstaka framlag verði beint til sýslumanns sem úrskurði um hvort ríkinu beri að greiða viðbótarframlag vegna sérstakra aðstæðna. Í frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir breytingu á barnalögum sem heimili sýslumanni að úrskurða um það viðbótarframlag sem hér um ræðir.

Að lokum er vakin athygli á því að í frumvarpinu er hvergi minnst á að lagt hafi verið kostnaðarmat á frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,



Sigríður Líllý Baldursdóttir  
Forstjóri Tryggingastofnunar